

Mánudaginn 17. október 1994.

Nr. 11/1994.

**Flugfélagið Atlanta hf.**

(Hreinn Loftsson hrl.)

gegn

**Félagi íslenskra atvinnuflugmanna**

(Atli Gíslason hrl.)

Samningsaðild. Verkfall. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Valgeir Pálsson og Ástráður Haraldsson.

Málið var þingfest 3. okt. sl. og dómtekið 14. þ.m.

Stefnandi er Flugfélagið Atlanta hf., kt. 431269-0589, Álafossvegi, Mosfellsbæ.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, kt. 530169-3839, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að ólögmæt sé verkfallsboðun sú, sem tilkynnt var Flugfélaginu Atlanta hf. með bréfi, dags. 23. september 1994, af Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, sem nái til alls flugs félagsins til og frá Íslandi og hefjast skal mánudaginn 17. október 1994 kl. 12:00 á hádegi.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að verkfall, er kann að vera komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar, þegar dómur Félagsdóms fellur, sé ólögmætt.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé réttur aðili til að semja við stefnanda um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Að viðurkennt sé með dómi að stefnda sé heimilt að gera verkfall hjá stefnanda til að vinna að framgangi krafna sinna og til verndar rétti sínum.

Upphaflega boðaði stefndi verkfall sem hefjast skyldi mánudag-

inn 10. október kl. 12:00 á hádegi en undir rekstri málsins var verkfallinu frestað til mánudagsins 17. október n.k., kl. 12:00 á hádegi.

Með úrskurði Félagsdóms, uppkveðnum 10. þ.m., var krafa stefnda um að Gunnar Sæmundsson dómari í Félagsdómi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands viki sæti, tekin til greina. Í stað hans tilnefndi stefndi Ástráð Haraldsson í dóminn en áður hafði stefnandi tilnefnt Valgeir Pálsson.

Stefnandi kveður ágreining máls þessa snúast um það að verkfallsboðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna sé óheimil á grundvelli 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, boðun verkfallsins sé auk þess ekki í samræmi við áskilnað 15. gr. laganna og jafnframt sé um réttarágreining að ræða sem Félagsdómur eigi úrskurðarvald um og sé verkfallsboðunin því óheimil á grundvelli 1. tl. 17. gr. laganna. Stefnandi kveður þennan ágreining eiga undir dómsvald Félagsdóms og vísar í því sambandi til 1. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Með bréfi, dags. 8. desember 1993, hafi Félag íslenskra atvinnuflugmanna óskað eftir viðræðum við Flugfélagið Atlanta hf. um gerð kjarasamnings og um greiðslur iðgjalda í Eftirlaunasjóð FÍA ásamt félagsgjöldum. Í bréfinu hafi því verið haldið fram að Atlanta hf. stundaði umfangsmikla flugstarfsemi frá landinu í samkeppni við aðila sem FÍA hefði gert samning við. Væri ekki um jafnstöðu flugrekstraradila að ræða að þessu leyti né varðandi réttindi flugmanna og launakjör öll. Í bréfinu hafi og verið vísað til 1. gr., 5. gr., 7. gr. og 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá hafi í bréfinu verið vísað til þess, að stefnandi væri að lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyristrygginga skuldbundinn til að standa skil á iðgjaldi til viðkomandi lífeyrissjóðs og halda eftir iðgjaldi til viðkomandi stéttarfélags.

Stefnandi telur að í bréfi þessu hafi gætt töluverðs misskilnings á rekstri Flugfélagsins Atlanta hf. Félagið starfi að meginstefnu til í leiguverkefnum á erlendum vettvangi. Ætla megi, að verkefni í leiguflugi á Íslandi séu aðeins um 5% af heildarverkefnum félagsins á þeim rúmu fimm árum sem það hafi starfað. Vegna mikillar samkeppni á erlendum leiguflugsmarkaði sé mikilvægt fyrir félagið að geta með skömmum fyrirvara boðið í verkefni sem bjóðast. Af þeim sökum hafi verið leitað til erlendra áhafnaleiga, sem séð hafi stefn-

anda fyrir áhöfnum í þessi verkefni, en slíkt fyrirkomulag sé mjög algengt erlendis meðal samkeppnisaðila stefnanda. Eigendur flugfélagsins hafi á hinn bóginn lagt á það áherslu að sem flestir Íslendingar starfi að verkefnum á vegum félagsins erlendis. Vegna eðlis verkefnanna og þeirra flugvéla, sem verkefnin hafa krafist, hafi þó oft reynst nauðsynlegt að fá erlenda aðila í verkefni enda hafi þá engir íslenskir aðilar verið tiltækir eða með reynslu í slík verkefni. Lengi framan af hafi það því verið stefna eigenda flugfélagsins að vera ekki með áhafnir í vinnu. Telji þeir, að slíkt gæti leitt til þess, að félagið yrði ekki samkeppnisfært á alþjóðlegum markaði.

Flugfélagið Atlanta hf. hafi því svarað áður nefndu bréfi FÍA með bréfi, dags. 22. desember 1993, þar sem í stuttu máli hafi verið vikið að sérstöðu flugrekstrar flugfélagsins sem væri t.d. mjög frábrugðinn flugrekstri á vegum Flugleiða hf. Í bréfinu hafi komið fram að með hliðsjón af þeirri staðreynd að flugmenn væru ekki á launaskrá flugfélagsins, heldur væru þeir með samning við áhafnaleigu, yrði ekki talið, að grundvöllur væri fyrir viðræðum um gerð kjarasamnings. Ákvæði 1. gr., 5. gr., 7. gr. eða 14. gr. laga nr. 80/1938 og lög nr. 55/1980 vörðuðu einfaldlega ekki þá starfsemi, sem fram færi á vegum flugfélagsins.

Fyrirkomulagið á rekstri flugfélagsins feli í sér að flugmenn á vélum stefnanda séu í raun verktakar. Á síðastliðnum vetri hafi komið upp tilvik þar sem skattayfirvöld hafi gert athugasemdir við framtöl einstakra flugliða. Í kjölfarið hafi orðið vart áhuga flugmanna á að komast á launaskrá flugfélagsins. Jafnframt hafi forystumenn FÍA haldið áfram kröfu sinni um gerð kjarasamnings og fylgt bréfum sínum eftir með símtölum og heimsóknum í höfuðstöðvar flugfélagsins. Þessum beiðnum hafi jafnan verið neitað af hálfu eigenda flugfélagsins sem hafi talið það engan veginn fært að breyta fyrirkomulagi flugrekstrar síns í harðri alþjóðlegri samkeppni. Hafi forráðamenn FÍA sent eigendum flugfélagsins „drög að samningi um kaup og kjör“, sem í öllum aðalatriðum hafi verið byggð á kjarasamningi FÍA við Flugleiðir hf. Hafi FÍA m.a.s. yfirsétt að færa inn rétt nafn flugfélagsins, m.a.s. komi nafn Flugleiða hf. fyrir í „drögum“. Skýrt hafi komið fram á þessum tíma, þ.e. sl. vor og sumar, af hálfu eigenda Atlanta hf. að þeir væru ekki með neina flugmenn í starfi hjá félaginu og bæri því ekki nokkur skylda til þess að ræða slíka samningsgerð og jafnframt hafi enn verið bent á hve ólíku væri

saman að jafna, þ.e. flugrekstri Flugleiða annars vegar og Atlanta hins vegar.

Síðsumars hafi eigendur flugfélagsins falið lögmanni sínum að fara til fundar við formann stjórnar FÍA til að skýra afstöðu flugfélagsins. Þessi fundur hafi farið fram 16. ágúst sl. á skrifstofu FÍA. Skömmu áður hafi formaður FÍA fullyrt við eigendur flugfélagsins að ákveðinn fjöldi flugmanna á flugvélum flugfélagsins hefði ritað FÍA, óskað inngöngu og falið félaginu umboð til að fjalla um kjaramál sín gagnvar flugfélaginu. Forráðamenn FÍA hefðu þó aldrei lagt fram nein skjallæg gögn til staðfestingar á slíku umboði. Á fundinum hafi fyrri afstaða flugfélagsins verið ítrekuð, þ.e. að ekkert beint samnings samband væri milli flugmanna og flugfélagsins, svo og að ekki kæmi til greina að fara yfir í það kerfi sem Flugleiðir hf. búa við. Fráleitt væri að taka samning FÍA við Flugleiðir hf. og skipta út nöfnum flugfélaganna. Hugur eigenda flugfélagsins stæði til þess, að halda óbreyttu fyrirkomulagi með samningum við áhafnaleygur. Á hinn bóginn hafi á fundinum verið greint frá því að flugfélagið væri reiðubúið gagnvart íslenskum flugmönnum, ef verkefnastaða vetrarins leyfði það að taka þá á launaskrá flugfélagsins með persónubundnum ráðningarsamningi. Fundi þessum hafi síðan verið fylgt eftir með bréfi, dags. 16. ágúst sl., til upplýsingar hafi fylgt með bréfinu sýnishorn slíks ráðningarsamnings.

FÍA hafi svarað bréfi flugfélagsins með bréfi, dags. 18. ágúst sl., þar sem krafa um gerð kjarasamnings hafi verið ítrekuð. Jafnframt hafi verið tilkynnt að FÍA myndi leita til embættis ríkissáttasemjara til lausnar málsins og einnig áskilið sér rétt til að boða vinnustöðvun. Með bréfi, dags. 19. ágúst sl., hafi FÍA leitað til embættis ríkissáttasemjara vegna árangurslausra tilrauna til að fá flugfélagið til viðræðna um gerð kjarasamnings. Hafi það verið gert á grundvelli 5. gr. laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Í kjölfarið hafi ríkissáttasemjari boðað fulltrúa flugfélagsins Atlanta til fundar vegna kröfu FÍA. Skýrt hafi verið tekið fram af hálfu fulltrúa flugfélagsins við ríkissáttasemjara að engin skuldbinding fælist í slíkri fundarsókn af hálfu Atlanta gagnvart kröfu FÍA. Jafnframt að ekkert lægi fyrir um umboð FÍA til slíkra viðræðna né heldur hvort flugfélagið gæti í raun talist samningsaðili þar sem flugmennirnir væru á samningi hjá írskri áhafnaleygu og ekki starfsmenn flugfélagsins. Forsenda fyrir fundarsókn af hálfu flugfélagsins væri virð-

ing fyrir embætti sáttasemjara þar sem halda mætti því fram að flugfélagið væri ekki í neinu samnings sambandi við flugmenn og ekki í neinni kjaradeilu við FÍA. Ennfremur stæði vilji eigenda flugfélagsins til þess, að hlýða á viðhorf og rökstuðning á kröfum FÍA. Aðeins með þeim hætti væri unnt að taka afstöðu til röksemda FÍA.

Fyrsti fundurinn á vegum embættis ríkissáttasemjara hafi verið haldinn 30. ágúst sl. Ekki hafi verið um sameiginlegan fund að ræða heldur hafi Geir Gunnarsson, vararíkissáttasemjari borið skilaboð á milli manna. Eigendur flugfélagsins hafi ekki verið viðstaddir þennan fund og hafi fulltrúar FÍA farið fram á það að aftur yrði boðað til fundar þar sem aðaleigendur flugfélagsins væru viðstaddir. Hafi það líklega verið vegna þeirra skilaboða frá fulltrúum flugfélagsins að vandséð væri hvað réttlætti kröfu FÍA um gerð kjarasamnings. Til að mynda hafi ekkert legið fyrir um samningsumboð FÍA. Hefði slíkt umboð legið fyrir, en ríkissáttasemjari hafi upplýst að hann hefði ekki slíkt umboð undir höndum, hefði réttur viðsemjanda FÍA verið írsk áhafnaleiga. Ákveðið hafi verið að halda annan fund þar sem Geir Gunnarsson hafi talið rétt að verða við beiðni fulltrúa FÍA þess efnis að fá tækifæri til að hitta aðalstjórnanda flugfélagsins, Arngrím Jóhannsson. Hafi verið afráðið að halda þann fund 5. september sl. Á síðustu stundu hafi Arngrímur tafist vegna vinnu sinnar en hann hafi þá verið staddur í Asíu, og hafi ekki getað mætt til fundarins. Hafi verið reynt á síðustu stundu að fá fundartímanum breytt, en stjórnarmaður í flugfélaginu Þóra Guðmundsdóttir, hafi þó farið til fundarins ásamt flugrekstrarstjóra félagsins aðallega í þeim tilgangi að fá fundinum frestað. Hafi þessar tafir orðið tilefni bókkunar af hálfu FÍA. Í bókuninni hafi „framkomu forráðamanna Atlanta“ verið harðlega mótmælt og jafnframt tekið fram, „að verði áframhaldandi undansláttur af hálfu Atlanta og þar með frekari tafir á samningsgerð mun stjórn FÍA sjá sig tilneydda að boða til nauðsynlegra aðgerða gegn félaginu“. Eigi að síður hafi verið ákveðið að halda fund að Arngrími viðstöddum og hafi hann farið fram 8. september sl. Á fundinum hafi Arngrímur látið bóka mótmæli við bókun FÍA þar sem m.a. komi fram eftirfarandi: „Flugfélagið Atlanta hf. hefur ekki skorast undan því að hitta fulltrúa FÍA að máli og hlýða á þeirra sjónarmið enda hefur svo verið gert. Verður að gera þá kröfu til FÍA að forráðamenn félagsins sýni stillingu og hafi

skilning á því að undirritaður verður oft að dveljast erlendis bæði sem framkvæmdastjóri og flugmaður Atlanta hf.“.

Fundurinn 8. september sl. hafi farið þannig fram, að Geir Gunnarsson hafi gengið með skilaboð á milli fundarherbergja og rætt einslega við hvorn hópinn fyrir sig. Á fundi, sem Arngrímur hafi haldið einslega með einum úr hópi talsmanna FÍA, hafi hann ítrekað fyrri afstöðu og séð öll tormerki á gerð kjarasamnings vegna eðlis flugrekstrar félagsins. Algjör forsenda þess að unnt væri að ganga til viðræðna við FÍA væri t.d. fortakslaus viðurkenning á sérstöðu flugfélagsins. Hafi fulltrúar FÍA farið fram á annan fund, sem haldinn skyldi viku síðar, þar sem þeir myndu greina frá afstöðu sinni varðandi skilyrði þess, að flugfélagið tæki flugmenn á launaskrá. Hafi þeir m.a. vísað til þess að hvorki formaður né varaformaður væru viðstaddir. Hafi verið orðið við þeim óskum. Jafnframt hafi verið haldinn fundur 14. september sl. með flugrekstrarstjóra Atlanta og fulltrúum FÍA þar sem settar hafi verið fram spurningar af hálfu flugfélagsins sem svara skyldi á fundinum sem ætlunin hafi verið að halda 16. september sl.

Áður en til þess fundar hafi komið hafi orðið þau tíðindi að stofnað hafi verið nýtt stéttarfélag, Frjálsa flugmannafélagið, en að því stæðu íslenskir flugmenn sem flogið hafi flugvélum á vegum Flugfélagsins Atlanta hf. Formlega hafi verið gengið frá stofnun þess félags 14. september sl. en aðdragandi félagsstofnunarinnar muni hafa verið talsvert lengri. Hafi flugmennirnir talið að hag sínum væri betur borgið í nýju stéttarfélagi fremur en í FÍA. Hafi þeir þegar farið fram á gerð kjarasamnings við flugfélagið skv. tillögu þar að lútandi sem hafi borist eigendum flugfélagsins 14. september sl. Hafi forráðamenn flugfélagsins ákveðið að verða við þeirri beiðni enda hafi hún tekið tillit til sérstöðu flugrekstrar félagsins. Hafi formlega verið gengið frá kjarasamningi 16. september sl. og hafi FÍA og embætti ríkissáttasemjara verið greint frá þeirri niðurstöðu með bréfi sama dag. Á fundi hjá ríkissáttasemjara daginn eftir, þ.e. 17. september, hafi talsmönnum FÍA og ríkissáttasemjara enn fremur verið greint frá þessari niðurstöðu. Niðurstaða fundahalda á vegum ríkissáttasemjara hafi þá verið sú að þreifingar þær hefðu mistekist sem þar hefðu farið fram af hálfu FÍA í því skyni að fá eigendur flugfélagsins til að ganga til samningaviðræðna. Í kjölfarið megi búast við að íslenskir flugmenn verði teknir á launaskrá

flugfélagsins á grundvelli kjarasamningsins við Frjálsa flugmannafélagið, þ.e. þegar þeir losna undan samningsskyldum sínum við hina írsku áhafnaleigu og eftir því sem verkefnastaða flugfélagsins leyfir.

Með bréfi, dags. 23. september 1994, hafi Tryggvi Baldursson, formaður f.h. stjórnar FÍA, tilkynnt um verkfallsboðun hjá stefnanda sem náí til alls flugs á vegum félagsins til og frá Íslandi. Verkfallið muni hefjast mánudaginn 10. október 1994 kl. 12:00 á hádegi. Hafi þetta verið samþykkt á fundi trúnaðarráðs FÍA, sem haldinn hafi verið sama dag, svo og hafi verkfallsboðunin verið samþykkt á fundi stjórnar FÍA á grundvelli umboðs sem stjórninni hafi verið veitt í almennri atkvæðagreiðslu sem haldin hafi verið dagana 21.–28. júlí 1994 samkvæmt ákvæðum b-liðar 15. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi hafi mótmælt verkfallsboðun þessari með bréfi, dags. 27. september 1994, þar sem hann telji hana ólögmæta. Jafnframt hafi hann áskilið sér allan rétt til að verjast þeirri ólögmætu árás á hagsmuni sína, sem felist í verkfallsboðuninni, og tilkynnt að hann muni halda FÍA ábyrgu fyrir öllu hugsanlegu tjóni sem af henni gæti hlotist.

Stefnandi kveður sér nauðsynlegt að höfða mál fyrir Félagsdómi til að fá úr því skorið, hvort verkfallsboðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna fái staðist að lögum.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Verkfallsboðun Félags íslenskra atvinnuflugmanna standist ekki að lögum vegna þess að engir félagsmenn í FÍA hafi verið eða séu fastráðnir launtakar hjá stefnanda. Verkfallsboðunin sé því markleysa þar sem ekkert samningsréttarlegt samband hafi verið eða sé á milli FÍA og stefnanda. Enginn félagsmaður FÍA verði á launaskrá hjá stefnanda þegar verkfallsboðunin komi til framkvæmda. Allir núverandi flugmenn á flugvélum stefnanda séu samningsbundnir írskri áhafnaleigu og losni fyrst undan samningsskyldum sínum gagnvart áhafnaleigunni 1.-10. október næstkomandi. Stefnandi geti því ekki talist lögformlegur samningsaðili gagnvart félagsmönnum FÍA í skilningi laga nr. 80/1938. Þótt viðurkennt yrði að FÍA teldist lögformlegur samningsaðili félagsmanna sinna skv. 5. gr. laganna hafi stefnandi ekki verið skylt að ganga til samningaviðræðna við FÍA þegar þess var beiðst þar sem hann var ekki í beinu samningssambandi við félag þess. Nær hefði verið fyrir FÍA að

snúa til þess aðila sem flugmennirnir voru sannanlega í samnings-sambandi við, þ.e. írsku áhafnaleigunnar. Stefnanda hafi ekki borið nein skylda til þess að lögum að ræða breytingar á fyrirkomulagi rekstrar síns við FÍA enda hafi stefnandi aldrei ljáð máls á því að gera það. FÍA hafi ekki átt neinn rétt á slíkum viðræðum í skilningi 14. gr. laga nr. 80/1938 en það sé skilyrði lögmætrar verkfallsboðunar samkvæmt greininni.

Stefnandi kveður tilgang verkfallsboðunar FÍA ekki vera þess eðlis að honum verði fylgt fram með verkfalli. Stefnandi kveðst vera sjálfstæður samningsaðili sem ekki verði gert skylt að gerast aðili að kjarasamningi við FÍA. Stefnandi kveðst hafa gert fullgildan kjarasamning við Frjálsa flugmannafélagið en það sé stéttarfélag í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 80/1938 og jafnframt lögformlegur samningsaðili í skilningi 5. gr. laganna. Í þeim kjarasamningi sé ákvæði sem veiti félagsmönnum þess félags forgangsrétt til vinnu hjá stefnanda. Réttur til stofnunar slíkra félaga sé víða varinn í íslenskri löggjöf og hvíli reyndar á grundvallarreglu 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Fjölmarginir dómar Félagsdóms styðji þessa niðurstöðu og ekkert sé því til fyrirstöðu að fleiri en eitt stéttarfélag sé í sömu starfsgrein. Í Frjálsa flugmannafélaginu séu 23 flugmenn sem flogið hafi á flugvélum stefnanda. Eftir því sem einstakir flugmenn losni undan samningsskyldum sínum gagnvart hinni írsku áhafnaleigu standi þeim til boða að koma inn á launaskrá stefnanda á grundvelli kjarasamningsins. Slíkt sé þó á valdi einstakra flugmanna og fari einnig eftir verkefnastöðu flugfélagsins á hverjum tíma. Margoft hafi komið fram af hálfu FÍA, að tilgangur verkfallsboðunarinnar sé að knýja stefnanda til samninga svo og að brjóta Frjálsa flugmannafélagið á bak aftur. Stefnandi telur hvoruga þá forsendu verkfallsboðunarinnar standast að lögum. Stéttarfélag geti ekki boðað verkfall á félagsmenn annars stéttarfélags í sömu starfsgrein, sem gert hafi löglegan kjarasamning við vinnuveitanda á viðkomandi félagssvæði í þeim tilgangi að knýja fram kjarasamning við þann sama vinnuveitanda. Í þeim einu tillögum, sem stefnandi hafi séð frá FÍA, sé gert ráð fyrir forgangsrétti félagsmanna þess félags til vinnu hjá stefnanda. FÍA eigi því engan rétt á gerð kjarasamnings við stefnanda skv. 14. gr. laga nr. 80/1938. Þessi meginregla hafi verið staðfest af Félagsdómi, sbr. Fd. VII. bls. 154.

Stefnandi færir ennfremur þau rök fyrir málatilbúnaði sínum að



FÍA hafi aldrei lagt fram kröfugerð gagnvart stefnanda með rökstuðningi um réttmæti hennar eða sönnun þess að félagið hefði umboð til að ræða slíka kröfugerð. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 80/1938 sé slík kröfugerð skilyrði fyrir því, að verkfall eða verkfallsboðun sé heimil. FÍA hafi að vísu lagt til embættis ríkissáttasemjara drög að einhvers konar samningi en þau drög hafi ekki verið afhent stefnanda og kynnt honum á þann veg að um kröfugerð væri að ræða. Hér hafi verið um að ræða útdrátt úr kjarasamningi FÍA við Flugleiðir hf. enda komi nafn þess félags víða fyrir í drögum þessum, t.d. þar sem fjallað er um greiðslur í Eftirlaunasjóði FÍA. Ekki verði ráðið annað af þeirri grein í drögunum en að Flugleiðum sé ætlað að greiða í sjóðinn fyrir aðila þessa samnings eða tillögu að samningi. Þá sé þeim samningi ætlað að ná til félags að nafni „Air Atlanta Icelandic h.f.“ sem ekki geti verið stefnandi. Rétt nafn stefnanda sé „Flugfélagið Atlanta hf.“ Drög þessi hafi verið send stefnanda einhvern tíma sl. sumar og þá sem einhvers konar umræðugrundvöllur en það hafi verið með óformlegum hætti og ávallt verið hafnað af hálfu stefnanda að ganga til samningaviðræðna við FÍA.

Verði hins vegar litið svo á að samningsdrög þessi teljist kröfugerð í skilningi laga, þótt hún hafi ekki verið kynnt stefnanda sem slík, þá sé stefnanda ómögulegt að verða við henni. Í drögunum sé krafist forgangsréttar til handa félagsmanna FÍA til flugmannsstarfa hjá stefnanda, en stefnandi hafi gert samning við Frjálsa flugmannafélagið sem feli í sér forgangsrétt félagsmanna þess til flugmannsstarfa á launaskrá stefnanda og sé fullgildur kjarasamningur í skilningi laga nr. 80/1938. FÍA yrði að fá þann kjarasamning ógiltan með dómi áður en krafa um forgangsrétt næði fram að ganga. FÍA eigi engan rétt á því að brjóta niður rétt annars stéttarfélags það sé andstætt ákvæði 14. gr. laga nr. 80/1930 og verkfallsboðunin því ólög-mæt af þeirri ástæðu.

Stefnandi kveðst og byggja málatilbúnað sinn á því, að um réttarágreining sé að ræða. Ágreiningurinn lúti m.a. að því hvort stefnanda sé skylt að ganga til viðræðna við FÍA um gerð kjarasamnings. Aldrei hafi farið fram neinar kjarasamningsviðræður milli þessara aðila. Þetta sé í andstöðu við áskilnað 17. gr. laga nr. 80/1938 en þar segir í 1. tl. greinarinnar að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur eigi úrskurðar-

vald um. Ágreiningur aðila lúti einmitt að atriðum sem Félagsdómur einn geti leyst úr og verði ekki leystur öðruvísi að lögum.

Þá kveðst stefnandi byggja á því að verkfallsboðun FÍA sé ekki í samræmi við áskilnað 15. gr. laga nr. 80/1938. Í bréfi lögmanns FÍA til lögmanns stefnanda, dags. 28. september 1994, sé upplýst að í almenntri atkvæðagreiðslu félagsmanna FÍA, sem staðið hafi yfir dagana 21.-28. júlí sl., hafi stjórn FÍA verið veitt umboð „til að taka ákvörðun um verkfall hjá þeim flugrekstraraðilum sem ósamið var við“. Hér liggja fyrir, að félagsmenn FÍA hafi ekki greitt atkvæði um heimild til þeirrar verkfallsboðunar sem mál þetta snýst um. Umboðið hafi verið alltof almennt og auk þess ótímabundið. Svo almennt umboð sé öndvert við áskilnað 15. gr. laganna, sbr. t.d. Fd. II. bls. 48. Ef þetta teldist eðlileg framkvæmd væri ekkert í veginum fyrir stjórn FÍA að boða til verkfalls á grundvelli hennar á þessu, næsta eða þarnæsta ári eða jafnvel á næstu öld. Svo almenn og víðtæk heimild standist ekki áskilnað 1. mgr., 15. gr. laganna því þar sé talað um almenna atkvæðagreiðslu um „vinnustöðvun“, þ.e. einstaka aðgerð, en ekki vinnustöðvanir. Jafnframt segi í tilvitnaðri lagagrein, að vinnustöðvun sé þá því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin með almenntri atkvæðagreiðslu, enda hafi verið auglýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skuli fara fram. Í málinu liggja fyrir að engin almenn atkvæðagreiðsla hafi átt sér stað um þessa tilteknu vinnustöðvun, sem FÍA hefur boðað, meðal félagsmanna FÍA og svo einnig að hún hafi ekki verið auglýst með þeim hætti að félagsmenn FÍA væru sér meðvitaðir um það að vinnustöðvunin beindist að stefnanda fremur en einhverjum öðrum. Þá liggja ekkert fyrir varðandi ákvörðun trúnaðarmannaráðs FÍA um verkfallsboðun þessa að haldinn hafi verið lögmaður félagsfundur í FÍA um fyrirhugaða vinnustöðvun en trúnaðarráðið sé ekki bært til að taka ákvörðun um vinnustöðvun nema með samþykki lögmeats félagsfundar, sbr. 22., 32. og 33. gr. félagslaga FÍA.

Loks kveðst stefnandi byggja á því að verkfallsboðun stefnda sé hvað svo sem öðru líður svo óskýr að nauðsynlegt sé að ógilda hana. Þannig sé ekki vitað hvaða aðilar eigi að fara í verkfall og hafi félagið ekki upplýst stefnanda um það þrátt fyrir áskorun þar að lútandi. FÍA hljóti að bera skylda til þess að gera verkfallsboðunina

þannig úr garði að ekki leiki vafi á um innihald hennar og verði því að bera hallann af öllum vafaatriðum í þeim efnum.

Stefnandi kveðst byggja málskostnaðarkröfu sína á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

*Málsástæður stefnda og lagarök.*

Samkvæmt 2. gr. félagslaga stefnda sé það einn megintilgangur félagsins að fara með samninga fyrir hönd félagsmanna um kaup og kjör. Hafi félagið gert fjölda kjarasamninga við stærri og smærri flugrekstraraðila. Í kjölfar viðtala við forsvarsmenn stefnanda um gerð kjarasamnings var stefnanda ritað formleg bréf dags. 8. desember 1993, sbr. dskj. nr. 3, og óskað eftir viðræðum. Hafi m.a. verið vísað til jafnræðissjónarmiða í samkeppni flugrekstraraðila en stefnda beri óskráð skylda gagnvart viðsejendum sínum að mismuna þeim ekki varðandi kjarasamninga. Muni stefnandi líklega hafa haft hvað mesta markaðshlutdeild í leiguflugi til og frá Íslandi síðastliðin tvö til þrjú ár. Virðist sem stefnandi hafi komist hjá að greiða lögbundin launatengd gjöld, bæði til stéttarféлага og ríkisins, sem leitt hafi til afskipta skattyfirvalda af rekstri fyrirtækisins. Það hafi ennfremur verið og sé mat stefnda að samkeppnisaðilar stefnanda erlendis greiði laun samkvæmt kjarasamningum sem séu svipaðir eða hagstæðari flugmönnum en gildandi kjarasamningur stefnda. Með bréfi stefnanda dags. 22. desember 1993 hafi því verið borið við að flugmenn á vélum Atlanta væru ekki á launaskrá stefnanda heldur starfsmenn írskrar áhafnaleigu. Stefndi mótmælir því og skorar á stefnanda að leggja fram samninga við umrædda áhafnaleigu, en samkvæmt upplýsingum stefnda muni aðeins einn flugmaður hafa undirritað samning við erlenda áhafnarleigu. Viðræðum hafi ekki verið hafnað en talið af stefnanda, að naumast væri grundvöllur fyrir viðræðum um gerð kjarasamnings.

Á næstu mánuðum hafi átt stað viðræður milli forsvarsmanna stefnda og stefnanda. Hafi þeir átt fund saman formaður stefnda og stjórnarformaður stefnanda. Einnig hafi verið haldinn fundur í starfsstöð stefnanda með stjórnarformanninum, fjármálastjóra og yfirflugstjóra stefnanda. Þar hafi kjarasamningur stefnda við Flugleiðir hf. verið lagður fram sem kröfugerð gagnvart stefnanda og grundvöllur áframhaldandi kjarasamningsviðræðna. Á fundinum hafi nýr fundur verið ákveðinn og hafi fulltrúar stefnda mætt til

hans. Fundur þessi hafi fallið niður þar sem stjórnarformaður stefnandi mætti ekki vegna dvalar erlendis. Fullt samráð hafi verið haft við flugmenn stefnanda sem og við flugmenn annarra flugrekstraraðila sem ósamið var við og haldnir sameiginlegir fundir. Í kjölfar viðræðna á nefndum fundum og óformlegra viðræðna, þar sem jafnt var fjallað um einstök sem almenn kjaratriði, hafi stefnanda verið kynnt ný kröfugerð í júlí 1994 sem er að finna á dskj. nr. 20. Í þessari nýju kröfugerð hafi verið tekið tillit til ýmissa sjónarmiða og eðlis flugrekstrar stefnanda og stefndi reiðubúinn sem fyrr að ræða öll sér sjónarmið. Ekki liggi annað fyrir en að flugmenn stefnanda hafi verið réttir og sléttir launtakar sem hafa sjálfir gert hópsamning um launakjör og aðstöðu starfsfólks. Það hnekki eitt sér fullyrðingum um að ekki hafi verið samningssamband milli stefnanda og flugmanna.

Fjöldi flugmanna hjá stefnanda hafi um langt skeið verið félagsmenn stefnda auk þess sem aðrir hafi sótt um félagsaðild í kjölfar kjarasamningsviðræðnanna. Hluti þessara flugmanna hafi falið stefnda með beinum hætti umboð til meðhöndla málefni þeirra um kaup og kjör. Samningsumboð stefnda hafi í sjálfu sér ekki verið véfengt, enda lögbundið.

Á sama tíma og viðræður við stefnanda fóru fram hafi átt sér stað viðræður milli stefnda og margra annarra flugrekstraraðila um gerð kjarasamninga. Í tengslum við þessar viðræður, jafnt við stefnanda sem aðra, hafi stjórn stefnda ákveðið á grundvelli b. liðar 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 að afla sér umboðs frá félagsmönnum með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu til að taka ákvörðun um verkfall hjá þeim flugrekstraraðilum sem ósamið var við. Tilhögun atkvæðagreiðslunnar, sem fram fór dagana 21. til 28. júlí 1994, og efni hafi verið í samræmi við áratuga framkvæmd slíkra atkvæðagreiðslna og ekki sætt andmælum viðsejenda sem allir hafi vitað af henni. Til laga um að veita félagsstjórn umboð til að taka ákvörðun um verkfall hafi verið samþykkt í atkvæðagreiðslunni.

Enn hafi verið fram haldið viðræðum við stefnanda um gerð kjarasamnings og haldinn óformlegur fundur 11. ágúst 1994 þar sem ákveðinn var formlegur samningafundur 16. ágúst 1994. Á þeim fundi, sem haldinn var í starfsstöð stefnda, hafi talsmenn stefnanda gert tillögu um að í stað kjarasamnings yrðu gerðir persónulegir ráðningarsamningar við flugmenn félagsins. Þessir ráðningarsamn-

ingar séu keimlíkir þeim samningi sem stefnandi gerði síðar við hluta flugmanna sinna og kalli nú kjarasamning. Þessu tilboði hafi verið hafnað sem lausn á kjaradeilunni með bréfi stefnda dags. 18. ágúst 1994. Í bréfinu hafi verið kynntur sá ásetningur stefnda að vísa málinu til ríkissáttasemjara og áskilinn réttur til verkfallsboðunar. Í bréfinu sé rætt um verkfallsboðun, en stefnanda hafi þá verið kunnugt um umboð sem stjórn stefnda hafði verið veitt við fyrrnefnda atkvæðagreiðslu. Kjaradeilunni hafi síðan verið vísað til ríkissáttasemjara með bréfi, dags. 19. ágúst, sbr. einnig 3. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1978, en þegar hér var komið sögu hafi stefnandi tafið með ýmsum hætti gerð kjarasamnings, slegið úr og í og mætt illa til boðaðra funda. Kjarasamningsviðræðum hafði þó aldrei verið hafnað og á formlegum og óformlegum fundum rætt um efnisatriði kjarasamnings, svo sem starfsaldur, þjálfunarreglur, uppsagnarákvæði, tíma- bundnar ráðningar, launakostnað og margt fleira. Aldrei hafi komið upp vafi á því að stefnandi væri ekki samningsaðili sem flugrekstrar- aðili með flugmenn í vinnu. Breyti þar engu hvernig ráðningarfyrir- komulag flugmanna var, sbr. einnig 5. gr. laga nr. 80/1938.

Flugmenn hafi verið ráðnir til starfa af stefnanda sjálfum sem launtakar. Stefnandi hafi einnig sagt starfsmönnum upp og farið með stjórnunarrétt eins og almennt tíðkist. Stefnandi hafi lagt til flugvélar, áhöld, einkennisbúninga og annað sem fylgi flugrekstri og hirt hagnað og borið tap af rekstrinum. Af skattalegum ástæðum virðist stefnandi hafa kosið að fá millilið til að inna af hendi launa- greiðslur. Þessum þætti verði gerð nánari skil síðar en öllum hug- leiðingum um verktöku eða ráðningarsamband flugmanna við önnur fyrirtæki mótmælt sem röngum.

Fyrsti fundur hjá ríkissáttasemjara hafi verið haldinn 30. ágúst 1994 og síðan hafi verið haldnir fundir undir verkstjórn hans 5. sept- ember, 8. september og 17. september 1994. Einnig hafi verið hald- inn vinnufundur 14. september 1994 í húsakynnum ríkissáttasemj- ara. Þessir fundir hafi verið haldnir samkvæmt lögum nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum og engar athugasemdir eða fyrirvarar bókaðir af stefnanda um að ekki væri um kjaradeilu að ræða og kjarasamningsviðræður. Á fundunum hafi legið fyrir ný kröfugerð FÍA og undir sáttameðferð ríkissáttasemjara hafi stefnandi lagt fram gagnkröfur. Enn hafi talsmenn stefnda verið reiðubúnir að ræða öll sérmál við stefnanda, svo sem leiguflyg erlendis, en um slík mál hafi

stefndi samið við aðra viðsemjendur. Vegna ýmiss konar undan-sláttar og tafa af hálfu talsmanna stefnanda, sem meðal annars hafi orðið til þess að fresta varð fundum, hafi stefndi ítrekað áskilnað um boðun verkfalls með bókun gerðri 5. september 1994. Á síðasta fundi aðila, sem haldinn var 17. september 1994, hafi verið ætlunin að stefndi svaraði gagnkröfum stefnanda. Áður en til þess kom hafi talsmenn stefnanda tilkynnt að þeir hefðu gert kjarasamning við nýstofnað félag hluta flugmanna stefnanda og þá fyrst hafi frekari kjaraviðræðum verið hafnað. Í bréfinu felist staðfesting á að kjarasamningsviðræður hafi farið fram. Þetta háttalag stefnanda hafi komið stefnda algjörlega í opna skjöldu. Virðist sem stefnandi hafi ákveðið að fara á bak við stefnda með þessum ódregilega hætti í þeim tilgangi að komast hjá eðlilegum og sanngjörnum kjarakröfum stefnda og leitast þannig við að vinna rétt. Í kjölfarið hafi hluti flugmanna stefnanda sagt sig úr FÍA, en úrsagnirnar hafa ekki verið samþykktar, sbr. 8. gr. félagslaga, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1938.

Umrætt félag virðist hafa verið stofnað af lögmanni félagsins í umboði félagsmanna. Virðist sem mikill meirihluti félagsmanna hvorki hafa verið viðstaddir félagsstofnunina né samningsgerð. Lög félagsins eru tekin orðrétt uppúr lögum stefnda og meintur kjarasamningur uppúr kröfugerð stefnda nánast með þeim breytingum einum sem stefnandi hafði gert kröfu um í gagnkröfum. Virðist sem stefnandi hafi átt allt frumkvæði um félagsstofnunina og samningsgerðina og ráðið ferðinni í krafti áhrifa sinna. Gangi háttsemi stefnanda þvert á tilgang vinnulöggjafarinnar, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 80/1938, og sé fjandsamleg verkalýðshreyfingunni. Er áskilinn réttur til að gera gagnkröfur á hendur stefnanda varðandi þetta háttalag hans. Samningurinn sé að mati stefnda atlega gegn grundvallarréttindum verkalýðsstéttarinnar og launtaka almennt og feli meðal annars í sér brot á lögum nr. 55/1980. Í honum sé starfsöryggi flugmanna varpað fyrir röða auk fleiri alvarlegra annmarka sem áskilinn er réttur til að gera nánari skil síðar.

Vegna háttalags stefnanda hafi stefndi ekki átt aðra úrkosti til verndar samningsrétti sínum og til að knýja á um gerð kjarasamnings en að boða til verkfalls. Var það gert með bréfi dags. 23. september 1994. Bréfinu hafi fylgt samþykkt stjórnar um boðun verkfalls á grundvelli umboðs og sjálfstæðrar samþykktar trúnaðarráðs. Verfallið hafi verið boðað aðallega á grundvelli samþykktar stjórn-

ar samkvæmt nefndu umboði, en til vara á grundvelli samþykktar trúnaðarráðs. Ákvörðun trúnaðarráðsins hafi verið tekin milliliðalaust og óskilyrt.

Auk framanritaðra röksemda byggir stefndi sýknukröfur sínar á því, að hann sé lögformlegur samningsaðili samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 og sé heimilt samkvæmt 14. gr. sömu laga að gera verkfall í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna og ekki síður til verndar rétti sínum til samninga sem þverbrotinn hafi verið með óheilindum stefnda. Þá byggir stefndi á því að verkfallið sé löglega boðað, aðallega að fyrirmælum b. liðar 15. gr. laga nr. 80/1938 en til vara á grundvelli c. liðar 15. gr. sömu laga og ákvörðun og boðun í samræmi við áratuga langa átölulausa framkvæmd og hefðir.

Á því er byggt að stefndi eigi samningsrétt fyrir hönd meðlima sinna hvernig sem samningssambandi þeirra við viðkomandi atvinnurekanda sé háttað. Fjölmargir flugmanna stefnanda séu fullgildir félagsmenn stefnda. Hafi stefndi samningsrétt fyrir þá og aðra meðlimi sína sem kunni að hefja störf hjá stefnanda. Stéttarfélag eigi samningsrétt um kaup og kjör og þessi lögbundni réttur, sem teljist til mannréttinda, verði ekki frá stéttarfélagi tekinn með samningum atvinnurekanda við erlenda áhafnaleigu. Það gangi einnig þvert gegn tilgangi laga 80/1938 og flugrekstrarleyfi stefnanda sem byggi á því að stefnandi ráði íslenska flugmenn. Telji stefnandi sig umkominn til að gera kjarasamning við félag hluta flugmanna sinna, þrátt fyrir meint samningssamband þeirra við írska áhafnarleigu, hljóti hann að geta gert kjarasamning við stefnda. Þá mótmælir stefndi því sem röngu að nefndir flugmenn séu bundnir samningsskyldum við írska áhafnaleigu og skorar á stefnanda að sanna þær fullyrðingar með því að leggja fram samninga flugmanna sinna þar að lútandi og sjálfstæða samninga stefnanda við áhafnaleiguna. Þá er skorað á stefnanda að leggja fram launaframtal sitt gjaldárið 1994 vegna rekstrarársins 1993 ásamt lögskipuðum fylgigögnum.

Stefndi mótmælir því að hið svonefnda Frjálsa flugmannafélag geti talist stéttarfélag og samningur þess við stefnanda kjarasamningur í skilningi laga nr. 80/1938. Það er skoðun stefnda, sem njóti stuðnings Alþýðusambands Íslands og fjölmargra stéttarféлага- og stéttarfélagasambanda, að félagið vinni gegn hagsmunamálum verkalyðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Það sýni svonefndur kjarasamningur glögg. Geti stefnandi virt þann samning að vettugi

með því að ráða til sín starfsmenn í gegnum erlendar áhafnaleigur að vild. Svonefnt forgangsréttarákvæði samningsins sé markleysa og óskuldbindandi fyrir stefnda. Þá sé brotið gegn lagaákvæðum um lífeyrissjóði og unnið gegn viðurkenndum lífeyrissjóði starfsstéttarinnar. Ekkert tillit sé tekið til þeirrar staðreyndar að flugmenn verði að hætta störfum 60 ára að aldri. Einnig séu uppsagnarákvæði andstæð lögum. Áskilinn er réttur til að rekja fleiri atriði samningsins sem að mati stefnda brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 55/1980, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, 10. gr. laga nr. 19/1979 og önnur lagaákvæði. Umræddur kjarasamningur, eins og hann er úr garði gerður, sé ekki löglegur. Verði að meta samninginn sem ráðningarsamning starfsmanna og eða vinnustaðasamning hluta starfsmanna en ekki sem kjarasamning starfsgreinar í skilningi vinnulöggjafarinnar. Önnur niðurstaða sé andstæð réttarþróun þróun sem feli í sér fækkun stéttarféлага og fjölmennari hópa viðsemjanda.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því að samningur Frjálsa flugmannafélagsins og stefnanda geti ekki komið í veg fyrir að stefndi nýti lögbundinn rétt sinn til samninga fyrir hönd meðlima sinna, bæði meðlima sem nú starfa hjá stefnanda og eins þeirra sem hugsanlega ráði sig til starfa hjá honum. Byggir stefndi á því í þessu sambandi að innan vébanda FÍA séu meðlimir sem ekki hafi gerst félagar í Frjálsa flugmannafélaginu. Séu þeir ótvírætt óbundnir af samningi við stefnanda og verði þeirra mannréttindi til samninga ekki frá þeim tekin einhliða, sbr. einnig Fd. VII. bls. 154. Jafnframt byggir stefndi á því að úrsagnir annarra séu ekki gildar samkvæmt ákvæðum félagslaga og 3. gr. laga 80/1938 sem hafi verið sett á sínum tíma ásamt 4. gr. laganna til að útiloka áhrif atvinnurekanda á afskipti starfsmanna að stéttarfélögum og vinnudeilum og til að koma í veg fyrir að atvinnurekendur geti komið sér hjá samningum við lögformlega samningsaðila með bolabrögðum. Samningaviðræður hafi ótvírætt verið hafnar áður en stefnandi gerði samninga við Frjálsa flugmannafélagið. Geti stofnun þess ekki haft afturvirk áhrif að þessu leyti.

Því er endregið mótmælt að stefndi hafi ekki lagt fram kröfugerð gagnvart stefnanda. Bent er á að kröfugerð stefnda hafi verið svo afmörkuð og skýr að stefnandi hafi getað notað kröfugerðina sem ordréttan grunn samnings við Frjálsa flugmannafélagið. Að gefnu tilefni er upplýst, að ný kröfugerð stefnda hafi verið stíluð á



enskt nafn á fyrirtæki stefnanda, nafn sem hann noti sjálfur í viðskiptum sínum innanlands sem utan og í flugrekstrarhandbók sem flugrekstrarleyfi grundvallast á. Sú staðreynd liggja fyrir, að stefnandi hafi fengið kröfugerð stefnda senda bréflega og um hana hafi verið fjallað á formlegum samningafundum. Aðilar málsins hafi átt saman fjölmarga samningafundi til lausnar kjaradeilu og stefnandi hafi fyrst hafnað viðræðum með bréfi dags. 16. september 1994. Kröfugerð stefnda sé mun ítarlegri og afmarkaðri en almennt tíðkist og samningaviðræður hafi gengið fram með hefðbundnum hætti aðila vinnumarkaðarins, þar með talið fyrir ríkissáttasemjara. Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öðrum sjónarmiðum. Dæmalaus vinnubrögð stefnanda og baktjaldamakk geti ekki skapað rétt og útilokað samningsrétt stefnda. Þá væri illa komið fyrir samskiptum verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda og afleiðingarnar óheillavænlegar. Minnt er á að einberri kröfu um viðurkenningu á samningsrétti hafi verið fylgt eftir með verkfallsaðgerðum sem taldar hafi verið lögmætar. Sjá Fd. VII. bls. 167 um þennan þátt málsins og röksemdir stefnanda er lúta að 17. gr. laga 80/1938.

Því er mótmælt sem röngu og órökstuddu að milli aðila sé réttarágreiningur í skilningi 17. gr. laga nr. 80/1938. Jafnframt er minnt á að samnings- og verkfallsrétturinn sé grundvallarréttur og ekki bundinn öðrum skilyrðum og takmörkunum en sett eru með beinum lagaákvæðum. Þessi réttur verði ekki takmarkaður á annan veg. Þá séu fjölmörg fordæmi fyrir boðun verkfalls í sambærilegum tilvikum. Ágreiningur aðila sé hagsmunaágreiningur eins og glögg komi fram af skjölum málsins.

Um ákvörðun og boðun verkfalls stefnda hjá stefnanda er aðallega vísað til þess sem fyrr er rakið um það efni. Um áratugaskeið hafi ákvarðanir um verkföll verið teknar án þess að tilgreint væri við ákvarðanatökuna til hverra verkfallið ætti að taka. Hafi slíkar ákvarðanir verið almennar og snúið að viðsemjendum. Verkalýðsfélögum hafi síðan verið í sjálfsvald sett hvernig og gagnvart hverjum þau framkvæma verkföll. Nægi að tilkynna sáttasemjara ákvörðunina og þeim sem verkfallið beinist aðallega gegn, sbr. 16. gr. laga nr. 80/1938. Við ákvörðun um verkfall hjá stefnanda hafi verið viðhöfð almenn leynileg atkvæðagreiðsla og til vara tekin ákvörðun af trúnaðarráði. Tillaga um verkfallið hafi lotið að því að það næði til flugrekstraraðila sem ósamið var við. Þessi ákvörðun hafi verið tek-

in í beinu samhengi við samningaviðræður við stefnanda og að gefnu tilefni í viðræðunum. Sé hefðbundið að verkalyðsfélag afli verkfallsheimildar í kjarasamningaviðræðum til að knýja enn frekar á um samninga með nákvæmlega sama hætti og stefndi gerði. Því miður hafi verkfallsheimildin leitt stefnanda til örþrifaráða sem séu einsdæmi í samskiptum atvinnurekanda og verkalyðsfélags. Ómótmælt sé að stefnanda og ríkissáttasemjara hafi borist verkfallsboð-unin sem einnig sé hefðbundin og lögum samkvæm. Stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að ekki hafi verið staðið löglega að ákvörðun og boðun verkfallsins. Um væntanlega framkvæmd verkfallsins verði ekki dæmt í þessu máli.

Um lagarök fyrir gagnkröfum vísar stefndi til 5. og 14. gr., sbr. 53. gr. laga nr. 80/1938, auk fyrri lagatilvísana. Ennfremur vísar stefndi til 23., 24. og 25. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, félagsmálasáttmála Evrópu, einkum I. kafla, t. 5 og 6 og 5. og 6. gr. II. kafla og til 2. til 6. gr. samþykktar Alþjóðavinnuáráðs nr. 87 frá 9. júlí 1948 um samningsrétt sinn. Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr., sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Krafa um virðisaukaskatt styðjist við 3., 11. og 14. gr. laga nr. 50/1988, en stefndi reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi.

#### *Niðurstaða.*

Hinn 8. desember 1993 óskaði stefndi eftir því við stefnanda að gerður yrði kjarasamningur milli aðila. Í svari sínu, dags. 22. desember 1993, taldi stefnandi naumast grundvöll fyrir viðræðum um kjarasamning þar sem flugmenn á vélum hans væru ekki á launaskrá hjá honum heldur væru þeir starfsmenn erlends áhafnaleigu-fyirtækis. Að því er framhald málsins varðar hefur stefnandi haldið því fram að ekki hafi verið um kjaraviðræður að ræða heldur hafi tilgangur stefnanda með þeim viðræðum, sem óumdeilt er að fóru fram við stefnda, verið sá einn að skýra afstöðu sína og sérstöðu. Stefndi telur hins vegar að formlegar kjaraviðræður hafi verið í gangi og telur sig hafa lagt fram kröfugerð í formi draga að kjarasamningi milli stefnda og stefnanda. Í skýrslutökum hér fyrir dómi hafa gjaldkeri stefnda og flugrekstrarstóri stefnanda lýst samskiptum aðila sl. vetur sem „þreifingum“. Fram hefur komið að í júlí- og ágústmánuði sl. áttu aðilar viðræður. Í framhaldi af fundi 16. ágúst

1994 bauð stefnandi stefnda það bréflaga að gerðir yrðu persónubundnir ráðningarsamningar við flugmenn og fylgdu bréfinu drög að slíkum samningi. Þessu var hafnað af hálfu stefnda með bréfi, dags. 18. ágúst 1994, og þess krafist að gerður yrði kjarasamningur milli aðila er síðan mætti byggja ráðningarsamninga á. Þá tók stefndi fram að hann hygðist vísa deilunni til ríkissáttasemjara og áskildi sér jafnframt rétt til að boða vinnustöðvun bæru viðræður hjá ríkissáttasemjara ekki árangur. Með bréfi, dags. 19. ágúst 1994, vísaði stefndi deilunni síðan til ríkissáttasemjara enda hefðu viðræður aðila um gerð kjarasamnings reynst árangurslausar. Voru fundir haldnir hjá ríkissáttasemjara 30. ágúst, 5., 8. og 17. september 1994 auk óformlegs vinnufundar aðilanna sem haldinn var í aðsetri embættisins 14. september 1994. Ljóst er að fyrrgreind drög að kjarasamningi lágu þá fyrir og hafa verið rædd, sbr. meðal annars framsettar spurningar og sjónarmið af hálfu stefnanda í tilefni af samningsdrögum þessum, en þetta gagn frá stefnanda liggur fyrir í málinu.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, verður að telja að stefnanda hafi ekki mátt dyljast að hann tók þátt í kjaraviðræðum. Stefndi er lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 og er heimilt að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum með verkfalli samkvæmt II. kafla laga þessara. Standa ákvæði 1. tl. 17. gr. laganna ekki í vegi fyrir því að stefndi framfylgi þessum rétti sínum.

Með bréfi, dags. 23. september 1994, tilkynnti stefndi stefnanda um hina umdeildu vinnustöðvun. Þegar hér var komið sögu hafði stefnandi gert kjarasamning við nýstofnað stéttarfélag flugmanna, Frjálsa flugmannafélagið, og var sá samningur undirritaður 15. september 1994. Tilkynnti stefnandi stefndu um þau málalok með bréfi, dags. 16. september 1994, og jafnframt að ekki væri ástæða til frekari viðræðna við stefnda. Ákvörðun sína um vinnustöðvun hjá stefnanda tók félagsstjórn stefnda á fundi sínum 23. sept. sl. . Var ákvörðunin byggð á umboði sem stjórninni var veitt með almennri leynilegri atkvæðagreiðslu í stéttarfélaginu sem haldin var 21. júlí til 28. júlí 1994. Á þessum grundvelli var stefnda vinnustöðvunin heimil, sbr. b. lið 15. gr. laga nr. 80/1938 og ekki þykja neinir þeir anmarkar vera á ákvörðun stefnda um vinnustöðvun þessa og boðun hennar að telja beri hana ólögmeta af þeim sökum.

Hið boðaða verkfall stefnda nær til flugs stefnanda til og frá Íslandi. Ljóst er að verkfallið tekur þannig aðeins til lítils hluta af starfsemi stefnanda, sem stundar leiguflug aðallega á erlendum vettvangi. Fyrir liggur þó að leiguflug til og frá Íslandi hefur verið á vegum stefnanda og verður áfram. Fyrir það flug sem verkfallið nær til, hafa flugmenn fengið greitt beint frá stefnanda en ekki í gegnum áhafnaleigu. Þessu flugi hefur verið jafnað niður á starfsmenn, en deilt er um hversu starfssambandi hefur verið háttað að því er flug þetta varðar. Benda gögn málsins frekast til þess að um vinnusamninga sé að ræða í þessum efnunum. Eigi hefur verið sýnt fram á að þeim vinnusamböndum hafi verið slitið.

Frjálsa flugmannafélagið var stofnað hinn 14. september 1994. Liggja stofnskjöl og félagslög þess félags fyrir í málinu. Ekki verður dregið í efa, að félag þetta sé fullgilt stéttarfélag í skilningi laga nr. 80/1938, sbr. 1. og 2. gr. laganna. Það var því lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 og því bært til að gera þann kjarasamning við stefnanda sem fyrr greinir og undirritaður var 15. september 1994. Meðlimir þessa stéttarfélags eru því bundnir af þessum kjarasamningi við stefnanda. Af þeim sökum er þátttaka þeirra í vinnustöðvun stefnda, sem beinist gegn stefnanda, ólögmat og þykir ekki skipta máli í þeim efnunum, hvort þessir meðlimir hins nýja stéttarfélags hafi sagt sig formlega úr stefnda eða ekki, enda geta þeir verið í báðum félögunum.

Vinnustöðvun sú sem stefndi hefur boðað hjá stefnanda er lögmat en nær aðeins til þeirra félagsmanna stefnda sem ekki eru bundnir af kjarasamningi stefnanda við Frjálsa flugmannafélagið.

Málskostnaður fellur niður.

#### D ó m s o r ð:

Vinnustöðvun sú sem stefndi, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, hefur boðað til hjá stefnanda, Flugfélaginu Atlanta hf., er lögmat en nær aðeins til þeirra félagsmanna stefnda sem ekki eru bundnir af kjarasamningi Frjálsa flugmannafélagsins við stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

**S é r a t k v æ ð i**  
**Valgeirs Pálssonar.**

Ég geri ekki ágreining um niðurstöðu meirihluta dómenda hvað varðar lögmæti boðunar hins umdeilda verkfalls og jafnframt að það geti ekki náð til flugmanna innan vébanda stefnda sem þegar eru bundnir af kjarasamningi Frjálsa flugmannafélagsins.

Flugmenn (íslenskir og erlendir) eru fengnir til starfa í gegnum íraska áhafnaleigu vegna verkefna í þágu stefnanda erlendis, en þar er starfsvettvangur þess fyrst og fremst. Á það verður að fallast með stefnanda að slíkt fyrirkomulag er eðlilegt þegar litið er til þess hvers eðlis rekstur hans er. Leiguflug fyrir íslenska aðila hefur bæst við en verið óverulegur hluti starfseminnar (u.þ.b. 5%). Um þessar mundir felst það samkvæmt gögnum málsins í leiguflugi fyrir ferðaskrifstofuna Samvinnuferðir-Landsýn hf. Önnur leiguflugsverkefni hefur stefnandi ekki með höndum og ekkert áætlunarflug er á þess vegum. Aðstæður hér eru því mjög sérstakar og ekki hægt að leggja þær að jöfnu við það hvernig háttar hjá fyrirtækjum, sem alfarið hafa starfsvettvang sinn hér á landi. Verður ekki hjá því komist að hafa þessar sérstöku aðstæður í huga þegar skoðað er með hvaða hætti starfslok verða hjá flugmönnum vegna þeirra verkefna, sem þeir eru fengnir til í gegnum áhafnaleigur. Hið sama gildir um þátt þeirra í leiguflugi frá Íslandi.

Meðan íslensku flugmennirnir hafa verið í leyfum hér á Íslandi hefur þeim verið gefinn kostur á að fljúga einstakar ferðir í leigufluginu frá Íslandi ef þeir hafa viljað og þörf hefur verið fyrir þá. Aðilar munu engar skyldur hafa gagnvart hvor öðrum í þeim efnum. Flugmennirnir hafa einungis verið fengnir til starfa fyrir hvert einstakt flug og greitt hefur verið sérstaklega fyrir hverja ferð. Verður að líta svo á að um tímabundinn samning hafi verið að ræða við hvern einstakan flugmann í hverju tilviki, sem hefst við upphaf ferðar og lýkur í ferðalok. Í þessu sambandi getur ekki skipt máli hvort flugmenn fljúgi hverja ferð sem launtakar hjá stefnanda eða verktakar. Að því marki sem samningi er til að dreifa þá takmarkast hann við hverja flugferð sem flugmaður tekur að sér.

Í málinu hafa verið lagðar fram félagaskrár stefnda og Frjálsa flugmannafélagsins. Á félagaskrá stefnda hafa verið auðkenndir þeir flugmenn, sem flogið hafa á vegum stefnanda. Við samanburð

á félagaskrár stefnda og Frjálsa flugmannafélagsins kemur í ljós að sex tilteknir flugmenn eru meðlimir stefnda en hafa ekki gengið í Frjálsa flugmannafélagið og eru af þeim sökum ekki bundnir af kjarasamningum þess félags. Tveir þessara flugmanna hættu störfum í þágu stefnanda í septemberlok og einn 11. október, er lokið var verkefnum á vegum stefnanda erlendis og þeir störfuðu við. Hinir þrír eru starfandi í Túnis til loka október að verkefnum þar, en þá lýkur þessum verkefnum samkvæmt framkomnum upplýsingum frá stefnanda. Um leið hætta þeir störfum í þágu stefnanda. Ekki verður séð að flugmönnum innan stefnda en utan Frjálsa flugmannafélagsins hafi verið mismunað þegar verkefnum á vegum stefnanda hefur lokið og flugmenn hætt störfum í þess þágu. Þeir hafa hætt, jafnt sem flugmenn innan Frjálsa flugmannafélagsins, um leið og verkefnum hefur lokið hjá stefnanda. Þá verður heldur ekki séð að starfslok þeirra hafi að öðru leyti borið að með ólögmætum hætti. Vegna forgangsréttar flugmanna í Frjálsa flugmannafélaginu til starfa í þágu stefnanda eiga þessir flugmenn ekki rétt til starfa að nýju hjá stefnanda meðan þeir standa utan Frjálsa flugmannafélagsins.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður ekki séð, að flugmenn innan vébanda stefnda sem standa utan Frjálsa flugmannafélagsins séu í slíku ráðningarsambandi við stefnanda vegna flugs til og frá Íslandi að þeir eigi kjarasamningskröfur á hendur félaginu, sem þeir geti knúð fram með verkfalli. Um aðrar réttindakröfur er ekki að tefla sem stefndi getur fengið framgengt í hinu boðaða verkfalli. Skilyrði til verkfalls af hálfu stefnda eru því ekki fyrir hendi samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 80/1938. Verður því að líta svo á að hið boðaða verkfall stefnda sé ólögmætt og ber því að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað að fjárhæð kr. 100.000.

---